



KRISTNIBOÐSSAMBANDIÐ

SAMBAND ÍSLENSKRA KRISTNIBOÐSFÉLAGA

Reglur um meðferð og miðlun fjármuna

1. Ábyrgð og aðgreining hlutverka

1.1 Starfsfólk er meðvitað um að það vinnur með almannafé og gætir ráðdeildar í hvívetna.

1.2 Framkvæmdastjóri hefur prókúru á reikninga Kristniboðssambandsins og ráðstafar fjármunum samkvæmt ákvörðun stjórnar og fjárhagsáætlun hverju sinni.

1.3 Framkvæmdastjóri samþykkir öll almenn útgjöld/reikninga vegna starfsins.

1.4 Auk framkvæmdastjóra hefur gjaldkeri stjórnar lesaðgang að bankareikningum samtakanna.

1.5 Skrifstofustjóri/gjaldkeri annast greiðslur samþykktra reikninga og hefur prókúru á útgjaldareikninga vegna þeirra.

1.6 Ef framkvæmdastjóri er ekki við eða getur ekki samþykkt reikninga fellur það í hlut formanns í samráði við gjaldkera stjórnar.

1.7 Sé gjaldkeri á skrifstofu ekki við eða getur ekki sinnt greiðslum fellur það í hlut framkvæmdastjóra og skal þá samþykki formanns með samráði við gjaldkera stjórnar liggja fyrir.

1.8 Bókari sér um að færa allar tekjur og útgjöld í bókhaldi samtakanna, stemmir af bankareikninga og undirbýr gögn fyrir ársreikning í samvinnu endurskoðendur. Bókari hefur skoðunaraðgang að reikningum SÍK.

1.9 Auk sjálfkrafa kvittana vegna gjafabréfakaupa og greiðslna í gegnum posa eru gefnar kvittanir fyrir öllum fjárgjöfum og kaupum sem greidd eru með reiðufé. Kvittanir fyrir framlög með millifærslum eru fánlegar í heimabönkum eða útibúum banka sem framkvæma millifærsluna.

1.10 Kvittunum fyrir innkaup í verslunum skal skilað til framkvæmdastjóra eða gjaldkera, einnig kvittunum fyrir kaup með greiðslukorti samtakanna.

2. Áhættumat og áhættustýring

2.1 Í fjárhagsáætlun og öllum fjárskuldbindingum skal þess gætt að útgjöld séu í samræmi við markmið og stefnu SÍK eins og kemur fram í samþykktum og stefnumörkun starfsins á hverjum tíma.

2.2 Aðalfundur tekur ákvörðun um mál sem krefjast verulegra fjárútláta eða hafa í för með sér langríma skuldbindingar fyrir SÍK, sbr. samþykktir SÍK 2020, gr. 7) h og 8) a.

2.3 Við gerð fjárhagsáætlana og við fjárhagslegar skuldbindingar skal tekið mið af því að geta haldið rekstri í 4-6 mánuði þó svo til áfalla komi eða tekjur dragist verulega saman.

2.4 Fé er ávaxtað samkvæmt stefnu um ávöxtun með lágmarksáhættu. Ekki er fjárfest í hlutabréfum og ekki í sjóðum sem byggja á viðskiptum sem fjármögnuð eru með vafasömum hætti.

3. Endurskoðun reikninga og reikningskil

3.1 Meðferð fjármuna er samkvæmt lögum og viðurkenndum bókhalds- og reikningskilavenjum og endurskoðun reikninga í höndum löggiltra aðila.

3.2 Félagskjörnir skoðunarmenn sem aðalfundur útnefnir skoða reikninga samtakanna með tilliti til þess að þeir séu í samræmi við stefnu og markmið Kristniboðssambandsins og fjárhagsáætlun ársins.

3.3 Upplýsingar um tekjur Kristniboðssambandsins og ráðstöfun á þeim eru gegnsæjar, settar fram á einfaldan og skýran hátt meðal annars í ársskýrslu.

4. Um fjáröflun

4.1 Starf Kristniboðssambandsins er að miklu leyti borið uppi af frjálsum framlögum og reglubundnum gjöfum velunnara starfsins og af almannafé sem veitt er til ákveðinna verkefna í formi styrkja.

4.2 Kristniboðssambandið aflar ekki fjár með vafasömum hætti og tekur ekki við styrkjum frá einstaklingum eða starfsemi sem vinnur gegn markmiðum samtakanna. Forðast skal að beita fólk þrýstingi eða ráðskast með það í fjáröflunarskyni.

4.3 Ávallt er skýrt til hvaða málefni fjár er aflað og aldrei skal gefið í skyn að fjáröflun kosti ekkert.

5. Móttaka gjafa

5.1 Kristniboðssambandið tekur við gjöfum og framlögum til verkefna samkvæmt markmiðum sínum. Kostnaður af þeim verði ekki umfram það sem eðlilegt má teljast í hlutfalli við verðmæti gjafar.

5.2 Leitast skal við, eftir föngum, að beina gjöfum og framlögum í þann farveg sem gefendur óska, komi þær fram, og upplýst um það strax sé það ekki mögulegt. Almennar gjafir til starfsins eru notaðar í samræmi við fjárhagsáætlun hverju sinni.

6. Brot á reglum

6.1 Leiki grunur á broti á þessum reglum skal það tilkynnt í það minnsta tveimur stjórnarmönnum og rannsakað.

6.2 Starfsmaður sem verður var við spillingu, ólögsmæta eða ótilhlýðilega háttsemi skal koma upplýsingum um slíka háttsemi til framkvæmdastjóra eða stjórnarformanns. Sama á við um rökstuddan grun.